



Kópavogsbær



Reykjavíkurborg

2. febrúar 2021

Minnisblað vegna sundlaugar í Fossvogsdal

Árið 2013 skilaði starfshópur á vegum Reykjavíkur og Kópavogsbæjar niðurstöðum um mögulega staðsetningu sundlaugar í Fossvogsdal á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Markmiðið var að gera tillögu um heppilegustu staðsetninguna sem fest yrði í aðalskipulagi beggja sveitafélaga. Skoðaðir voru þrír kostir í dalnum og við nánari skoðun og samanburð var ákveðið að vinna áfram með staðsetningu í miðju dalsins í ljósi þess að það þótti henta skólunum best. Unnið var áfram með hugmynd um litla sundlaug sem þjónaði skólasundi á daginn og almenningi eftir lok skóladags. Ekki er unnt að gera ráð fyrir bílastæðum við laugina, aðgengi þarf að miðast aðallega við gangandi og hjólandi þó þannig að hægt sé að nýta bílastæði við skólabyggingarnar og Fagralund og ganga þaðan að lauginni. Starfshópurinn lagði til að stefnt yrði að „grænni sundlaug“ þar fyrst og fremst yrði gert ráð fyrir að gestir kæmu gangandi og hjólandi og aðeins yrðu gerð bílastæði fyrir aðföng og fatlað fólk.

Ekki er talin ástæða til að endurskoða niðurstöðu starfshópsins heldur hnykkja á örfáum atriðum enda ríflega sjö ár síðan niðurstöður lágu fyrir.

Á undanförum árum hafa samgönguhjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu stóraukist, skrifað hefur verið undir samgöngusáttmála við ríkið og unnið er að undirbúningi Borgarlínu sem mun bæta almenningssamgöngur svo um munar. Þetta styður enn frekar við niðurstöðu starfshópsins um staðsetningu og þá hugmyndafræði að sundlaugin eigi að vera „græn“.

Fossvogsdalur er einstakt svæði, skjólgott og gróðursælt og þarf hönnun sundlaugarmannvirkis, nánari staðsetning og aðkomuleiðir að taka tillit til þeirrar sérstöðu sem staðsetningin felur í sér. Sundlaugin yrði fyrst og fremst hugsuð sem hverfislaug en vegna legu má gera ráð fyrir að hún verði töluvert nýtt af útivistarfólki sem leggur leið sína um dalinn. Einnig gæti hún orðið vinsæll áfangastaður fyrir útivistarfólk til að hittast. Mikilvægt er að hönnun og framkvæmd yrði umhverfisvottuð og að lögð yrði áhersla á vistvænar útfærslur í hvívetna allt frá framkvæmd til fullbúinnar byggingar. Eins ætti að sækjast eftir grænni fjármögnun.

Sérstaka áherslur þarf að leggja á landslagshönnun í kringum laugina þannig að hún styrki umhverfi dalsins en dragi ekki úr gæðum þess.

Gera þarf ráð fyrir sundlauginni í aðalskipulagi beggja sveitafélaganna. Sýna þarf staðsetningu á skematískan hátt. Á grundvelli aðalskipulags þyrfti að fara í hönnunarsamkeppni þar sem eitt af úrlausnarefnunum yrði nákvæmari staðsetning og hönnum mannvirkis og útisvæða.

Næstu skref yrðu því breytingar á aðalskipulagi, gerð forsagnar/samkeppnislýsingar fyrir hönnunarsamkeppni og að lokum yrði haldin arkitektasamkeppni. Hafa þarf samráð við lykil hagaðila á öllum stigum þ.á.m. skólasamfélögin og íþróttafélögin.

Að öðru leiti er tekið undir niðurstöður starfshópsins frá júlí 2013.

F.h. Reykjavíkur



Ólöf Orvarsdóttir



Ómar Einarsson

F.h. Kópavogsbæjar



Birgir Sigurðsson



Auður D. Kristinsdóttir



Steingrímur Hauksson.